

Nd.

745. Nefndarálit

frá Fiskiveiðanefndinni.

Alþingi það er nú situr hefir orðið við ýmsum þeim óskum, er fram hafa komið af hálfu sjómanna um löggjöf til eflingar sjávarútveginum. Er þar fyrst og fremst að nefna lög um fiskimat, er stjórnin hafði undirbúið og vænta má að komi þessum atvinnuveg að miklu gagni. Þá hafa og verið samin lög um lífsábyrgð sjómanna, samkvæmt áskorun frá þingmálafundum, og enn fremur verið gerð breyting á botnvörpulögunum í samræmi við áskorun frá flestöllum botnvörpuútgerðarmönnum hérlendum. Enn hefir mjög mikið fé verið veitt í fjárlögunum til þess að reisa nýja vita og bæta hina eldri og allmikið fé ætlað til viðskiftaerindreka til þess að greiða fyrir sem beztri sölu Íslenzkra afurða erlendis, sem að miklu leyti verður í þágu sjávarútvegarins, enda kom bein áskorun í þá átt til þingsins frá þingmálafundi Reykvíkinga 13. febr. þ. á. Loks má nefna frv. til laga um skoðun á síld, sem flutt var á þinginu, þótt það næði ekki fram að ganga að þessu sinni.

Enda þótt vér teljum ofangreind lög, sem alþingi hefir nú samþykkt, mjög mikils varðandi, einkum lögin um fiskimat og lífsábyrgð sjómanna, svo og hinar miklu fjár-

veitingar til vita o. fl., þá er hitt þó víst, að ýmislegt er enn ógert, sem nefndin hefði talið nauðsynlegt og æskilegt að koma í framkvæmd sem fyrst. En þar reyndist oss viðfangsmeira starf um að fjalla en svo, að vér höfum að þessu sinni getað borið fram ákveðnar tillögur í lagaformi.

Þrásinnis hefir verið vakið máls á því af hálfu sjómanna, að siglingalöggjöf vorri væri í ýmsum greinum mjög áfátt og þyrfti mörgu við að auka eða af nema eða annan veg setja en nú er. Kom þetta meðal annars skýrt fram í umræðum á síðasta þingmálafundi í Reykjavík, og var þar skorað á þingið, að endurskoða lög þau, sem til eru um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum og gera þau svo úr garði, að þau verði skýr og auðskilin. Ennfremur óskaði fundurinn, að samin yrði lög um rétt skipstjóra á íslenskum skipum gagnvart útgerðarmanni, o. fl. í þá átt.

Þar sem vér játum, að þessar kröfur sé fyllilega á rökum bygðar, en höfum ekki séð oss fært að bera fram frumvarp á þessu þingi um svo vandasamt efni lítt undirbúið, þá höfum vér leyft oss að bera fram þingsályktunartillögu, þar sem skorað er á landsstjórnina að semja og leggja fyrir næsta alþingi frumvarp til laga um sjómensku á íslenskum þilskipum, er stunda fiskveiðar og flutninga með ströndum fram. Er það jafnframt tilætlan vor, að stjórnin taki farmannalögin til endurskoðunar, í samráði við þá menn, er þá atvinnu stunda og bezt skyn bera á það mál, og leggi fyrir næsta alþingi breytingartillögur þær, er henni þykir nauðsynlegt að gera.

Jafnframt því, sem nauðsyn er á að setja ný lög um sjómensku og siglingar hér við land, þá er hitt þó ekki síður skylt og nauðsynlegt, að haldin sé þau lög, sem til eru í landinu og sjávarútveginn varða, en á því er og hefir verið allmikill misbrestur í sumum héruðum landsins.

Það er þjóðkunnugt, að miklar kvartanir hafa komið um það, hversu farið er í kringum lögin af ýmsum útlendingum, er stunda hér síldveiðar tíma af árinu og hafa stuðning svonefndar leppmensku til þess að neyta sömu réttinda, sem landsmenn sjálfir. Útlendingar þessir koma til landsins í byrjun veiðitímans, fá einhverja hérlanda menn til þess að eigna sér skipin og láta svo lögskrá þau sem innlenda eign. — Af þessum lögbrotum leiðir það meðal annars, að miklu meiri skipagrúi sækir veiðina en ella mundi, síldinni er mokað upp í hverri vik og hverjum firði svo þúsundum tunna skiftir; markaðurinn verður fullur á skömmu bragði og síldin hrapar í verði. Af þessu hafa íslenskir útgerðarmenn beðið stórmikið tjón.

Vér teljum því með öllu sjálfsagt, að strangar gætur verði hafðar á því framvegis, að skip frá útlöndum sé því að eins lögskráð hér, að veðbókarvottorð sé lagt fram með afsali og færð sé full sönnun fyrir því, að skipið sé dregið út úr registri þess ríkis, er það kemur frá, samstundis sem skrásetning fer fram hér. Ennfremur verður fullkomlega að gæta þess, að ekki sé útlendir skipstjórar á lögskráðum íslenskum skipum, nema þeir hafi þau réttindi, sem skylt er að íslenskum lögum.

Um framkvæmd laganna um botnvörpuveiðar er oss sagt, að ekki muni fullkomið samræmi hjá öllum dómurum landsins. Telja sumir til upptækra veiðarfæra virstreng þann, er hafður er til þess að draga vörpuna, en aðrir sleppa honum. Vér teljum engan vafa á því, að strenginn beri að skoða sem hluta af veiðarfærunum og sé því rétt og lögum samkvæmt, að hann sé ger upptækur ásamt öðrum veiðarfærum, og að allir dómarar landsins beiti lögunum á sama hátt.

Að endingu viljum vér drepa á það, að oss virðist það hið mesta nauðsynjamál sjávarútvegsins, að stofnað verði allsherjar-félag í landinu til þess að efla hag hans í hví-

vetna, á líka lund sem búnaðarfélag landsins starfar að því, er landbúnaðinn varðar. Oss er kunnugt um, að áhugi er vaknaður á þessu máli í sumum héruðum landsins, þótt ekki hafi það til framkvæmda komist enn. Samtök þessi verða að stofnast af sjómönnum og útgerðarmönnum sjálfum, löggjafarvaldið getur ekki skipað fyrir um slíkt, en þegar félagið væri stofnað, mundi það eiga vist fylgi alþingis að hverju því áhugamáli sínu, er orðið gæti þessum atvinnuveg til styrks og viðreisnar. Á þetta höfum vér viljað drepa í því skyni, að hvetja sjómenn að stofna til svofeldra samtaka sem fyrst.

Alþingi 4. maí 1909.

Pétur Jónsson,
formaður.

Benedikt Sveinsson,
skrifari.

Jón Þorkelsson.

Jón Sigurðsson.

Stefán Stefánsson, Eyf.